

Nd. **183. Frumvarp til laga** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen,
Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 56. gr. laganna orðist svo:

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar öryrki dvelur langdvölum á sjúkrahúsi eða dvalarheimili, hefur Tryggingastofnun ríkisins heimild til að greiða honum sjálfum allt að 10% örorkubætur. Hefur sú upphæð numið um 1080 kr. á ársfjórðungi. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að greiðslan hækki í um það bil 900 kr. á mánuði.